

Miðvikudaginn 7. desember 1966.

Nr. 120/1965. **Almennar Tryggingar h/f**

(Matthías Á. Mathiesen hdl.)

gegn

**Siggeir Ólafssyni** (Bogi Ingimarsson hdl.)

og til réttargæzlu

**Togaraafgreiðslunni h/f**

og

**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f**

(Ágúst Fjeldsted hrl.)

og

**Siggeir Ólafsson**

gegn

**Almennum Tryggingum h/f og Togaraafgreiðslunni h/f**

og til réttargæzlu

**Sjóváttryggingarfélagi Íslands h/f.**

**Dómendur:**

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Vátrygging. Skaðabótamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júlí 1965. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 20. júlí 1965. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjanda og stefnda verði óskipt dæmt að greiða honum kr. 69.144.27 með 8% ársvöxtum frá 3. október 1962 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f krefst sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti óskipt úr hendi aðaláfrýjanda og gagnáfrýjanda.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa nokkur vitni komið fyrir dóm og staðfest skýrslur, er rannsóknarlögreglan í Reykjavík hafði tekið af þeim. Fyrir dómi gera vitnin nokkru nánari grein fyrir atvikum, en eigi þykir ástæða til að rekja vitnisburði þeirra. Gagnáfrýjandi hefur einnig komið af nýju fyrir dóm. Skýrir hann svo frá, að grindverk það, sem mál þetta er risið af, hafi verið reist í ágúst eða septembermánuði 1962. Kveðst hann hafa haft samráð við Steingrím Arason verkfræðing um byggingu þess, en sjálfur haft verkstjórn á hendi. Telur hann alla stólpa hafa verið steypa niður. Áður en vátryggingaratburðurinn varð, höfðu nokkrir steyptir veggir, sem voru geymdir í grindinni, verið fluttir þaðan á brott. Var þeim lyft úr grindinni með lyftikrana. Þá hefur einnig komið fyrir dóm Steingrímur Arason verkfræðingur. Hann kveðst hafa gert blýantsriss af grindverkinu og „hafi þar verið gerð grein fyrir efnisstærðum og líklega aðalmálum“. Var á teikningu þessari „gert ráð fyrir, að vinkiljárn yrðu fest á efri þverslár og að veggirnir yrðu síðan skorðaðir af með fleygum eða klossum. Hann kveðst ekki muna til þess að hafa gefið frekari ráðleggingar um gerð rekksins og byggingu hans en fram komi á umræddri teikningu og ekki hafi hann fylgzt með, er hann var reistur og ekki haft neina umsjón með því verki“. Segir verkfræðingurinn, „að gert hafi verið ráð fyrir, að stólpar í rekknum yrðu steyptir niður, a. m. k. nokkrir þeirra, en sjálfir stólparnir hafi hins vegar átt að vera úr tré“.

Með skírskotun til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta ákvæði hans um sýknu stefnda Togaraafgreiðslunnar h/f af kröfum gagnáfrýjanda, en rétt þykir eftir atvikum, að málskostnaður í þessum þætti málsins falli einnig niður hér fyrir dómi.

Með bréfi aðaláfrýjanda til gagnáfrýjanda, dags. 2. október 1962, sem rakið er í héraðsdómi, tók aðaláfrýjandi á sig flutningsvátryggingu, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1954. Tók vátrygging þessi til þeirrar hættu, sem hinir vátryggðu munir, húshlutar úr steinsteypu, voru lagðir í við flutning þeirra. Í bréfi þessu var tekið fram, að munirnir yrðu fluttir með

dráttarvagni og krani notaður við verkið. Vátryggingaratburðurinn varð við tilraun til að lyfta steiptum vegg á dráttarvagn. Það verður því að telja, að vátryggingin hafi einnig tekið til þessarar áhættu, sem var órofa tengd flutningunum, sbr. 77. gr. greindra laga.

Að vísu má telja í ljós leitt, að grindverkið hafi eigi verið nægilega traust. Gagnáfrýjandi virðist og hafa látið hjá líða að skýra aðaláfrýjanda frá aðstæðum á fermingarstað, en eigi var þó háttsemi gagnáfrýjanda slík, að hún leysi aðaláfrýjanda undan vátryggingarskuldbindingu hans að nokkru eða öllu leyti, sbr. 7. og 18. gr. nefndra laga.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber einnig að staðfesta úrlausn hans um kröfu gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda, að öðru leyti en því, að vextir reiknast 7% frá 1. janúar 1966 til greiðsludags. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður að öðru leyti en því, að aðaláfrýjandi, Almennar Tryggingar h/f, greiði gagnáfrýjanda, Siggeir Ólafssyni, 7% ársvexti af dæmdri fjárhæð á tímabilinu frá 1. janúar 1966 til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda kr. 13.000.00 í málskostnað fyrir Hæstarétti. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

#### Dómur bæjarþings Reykjavíkur 23. apríl 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 6. þ. m., hefur Siggeir Ólafsson byggingameistari, Skjólbraut 4 í Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með utanréttarstefnu, birtri 5. nóvember 1963, á hendur Almennum Tryggingum h/f og Togaraafgreiðslunni h/f, báðum í Reykjavík, til greiðslu in solidum á kr. 69.144.27 með 8% árs-

vöxtum frá 3. október 1962 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu.

Stefnandi hefur stefnt Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f til réttargæzlu, en engar kröfur gert á hendur félaginu. Hefur það og ekki gert kröfur í málinu.

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi hæð vaxta-kröfu sinnar frá 1. janúar 1965 í 7 af hundraði.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f hefur krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til ýtrustu vara krefst hann lækkunar á stefnufjárhæðinni til mikilla muna og að málskostnaður verði felldur niður.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómsins. Til vara krefst hann lækkunar á kröfu stefnanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Málsatvik eru þau, að hinn 3. október 1962 var stefnandi að láta flytja steinsteypta vegg í húsin nr. 45 og 47 við Holtagerði í Kópavogi, er Steinhús h/f hafði framleitt. Veggir þessir voru misstórir, og voru sumir þeirra allt að 6 tonnum. Veggirnir voru geymdir í þar til gerðum rekk úr timbri, sem staðsettur var fyrir utan verksmiðjuhús Steinhúss h/f að Kársnesbraut 128 í Kópavogi. Til flutnings á veggjunum var notaður dráttarvagn, en við ásetningu veggjanna á hann var notaður lyftikrani, sem stefndi Togaraafgreiðslan h/f átti. Við verk þetta henti það slys, að rekkurinn féll á hliðina og eyðilögðust við það tólf veggjanna. Telur stefnandi tjón sitt nema kr. 69.144.27.

Stefnandi hefur skýrt svo frá, að hann hafi haft á hendi að flytja veggina frá verksmiðjustað að áfangastað. Þar sem veggirnir hafi verið svo þungir, hafi þurft að nota lyftikrana til þess að taka þá úr rekknum og koma þeim fyrir á flutningavagninum. Kvaðst stefnandi hafa fengið leigða kranabifreið hjá stefnda Togaraafgreiðslunni h/f til þeirra nota. Hafi kranabifreiðinni fylgt tveir starfsmenn Togaraafgreiðslunnar h/f til að vinna við kranann. Hafi leigugjald fyrir kranabifreiðina verið miðað við ákveðið tímakaup, þar með innifalið kaup hinna tveggja stjórnenda hennar. Kvaðst stefnandi hafa verið þar á staðnum öðru hverju, en einnig hafi þrír starfsmenn hans unnið að verkinu. Hann kvað veggina hafa verið tekna á víð og dreif úr rekknum með tilliti til staðsetningar hvers um sig í húsum þeim, sem reisa átti. Hafi hann sjálfur eða starfsmenn hans ákveðið hverju sinni, hvern vegg skyldi taka. Er búið hafi verið að taka fast að helm-

ing veggjanna úr rekknum, hafi það óhapp skeð, að rekkurinn hafi farið að hallast og síðan fallið, en við það hafi eyðilagzt 12 veggjanna. Sjálfur kvaðst stefnandi ekki hafa verið við, er óhappið skeði, og því ekki getað borið um orsök þess. Stefnandi kvað umræddan rekk hafa verið gerðan úr timbri að fyrirlagi verkfræðings, er hafi og séð um umbúnað hans. Hafi hver veggur verið skorðaður sérstaklega í rekknum. Stefnandi kvaðst hafa keypt tryggingu hjá stefnda Almennum Tryggingum h/f fyrir tjóni, er gæti orðið á veggjunum vegna flutnings þeirra, fyrir allt að kr. 170.000.00.

Hreiðar Björnsson, starfsmaður stefnanda, kvað þá félagi hafa verið að lyfta einum veggjanna og hafi hann staðið uppi á rekknum. Búið hafi verið að koma fyrir átaksjafnara, en honum hafi verið fest í veggina og síðan króknum frá krananum komið þar fyrir. Hann kvaðst hafa verið einn uppi á rekknum og hafi kraninn verið búinn að lyfta upp veggnum um ca. 10 sentimetra frá jörðu. Hafi hann þá tekið eftir því, að rekkurinn allur hafi verið farinn að hallast til hægri frá honum séð, en hann hafi snúið baki að krananum. Strax og rekkurinn hafi farið að hallast, hafi hann séð, að hann mundi allur falla og hafi hann því forðað sér niður af rekknum. Það hafi ekki verið hægt, nema stökkva niður og það hafi hann gert. Hann kvaðst ekkert geta um það sagt, hvernig það atvikaðist, að rekkurinn féll, og taldi ekki hafa verið farið óvarlega að.

Hlöðver Jóhannsson, annar starfsmaður stefnanda, kvaðst hafa staðið á palli hjá stjórnanda kranans, en búið hafi verið að festa krók kranans á jafnarminum. Rétt í því að kraninn hafi farið að taka í vírinn, hafi hann lyfzt aðeins upp að aftan, en það skei alltaf, er kraninn byrji að lyfta. Er veggurinn hafi aðeins verið búinn að lyftast um 10 sentimetra frá jörðu, hafi hann séð, að slinkur hafi komið á bómu kranans til hægri. Við það hafi rekkurinn farið af stað og hafi hann allur fallið á hægri hlið. Hlöðver kvaðst ekki vita, hver gefið hafi stjórnanda kranans merki um að lyfta veggnum, en kvað sig ekki hafa gert það. Hann kvað ekkert óvarlega hafa verið að farið, en taldi ástæðuna fyrir óhappinu vera þá, að kranabóman hafi farið of mikið til hægri og við það hafi veggurinn rekizt í rekkinn.

Ólafur Guðmundsson, þriðji starfsmaður stefnanda, kvaðst hafa verið staddur við endann á flutningavagninum og því vel hafa séð, hvað skeði. Búið hafi verið að koma króknum fyrir í jafnarmastönginni og kraninn hafi verið byrjaður að lyfta vegg-

um. Hafi hann þá séð, að vírinn úr bómu kranans var ekki lóðréttur niður og því hafi kraninn dregið vegginn aðeins til hægri, um leið og hann lyfti. Við það hafi rekkurinn allur farið á hliðina til hægri.

Sigurjón Guðmundsson kranamaður kvaðst, er óhappið skeði, hafa verið tilsagnarmaður kranastjórans. Kraninn hafi staðið vestanvert við rekkinn, en hann hafi staðið að sunnanverðu. Í umrætt sinn hafi verið búið að setja krókinn í jafnvægisstöngina og hafi hann verið búinn að segja kranastjóranum að taka slaka („tott“) af vírnum, en síðan að stoppa. Hann kvað þannig frá veggjunum gengið í rekknum, að þeir séu látnir falla í skúffu, en síðan sé fleygað á milli þeirra, svo að þeir hallist ekki. Hann kvaðst ekki hafa séð, að búið hafi verið að losa fleyga þessa, og ekki kvaðst hann hafa séð, hvort veggurinn hafi verið kominn á loft eða ekki, en taldi svo ekki hafa verið. Skyndilega hafi hann séð, að öll stæðan hafi verið farin að hallast í suðurátt og hafi hann átt fótum sínum fjör að launa að komast frá, áður en stæðan féll. Sigurjón kvað vera reynt, þegar lyft er með krananum, að hafa vírinn sem lóðréttastan. Sé svo ekki, þá sé bóma kranans í frígir, þannig að hún lagi sig eftir átakinu, en hann kvað vírinn í umrætt sinn hafa verið alveg lóðréttan.

Ólafur Magnússon Ólafsson kranastjóri kvaðst hafa verið búinn að taka slaka af vírnum og hafi Sigurjón Guðmundsson verið búinn að segja honum til um það, að vírinn væri lóðréttur. Hafi hann því staðið á hemlinum og beðið eftir því, að maðurinn uppi á rekknum tæki fleygana úr skúffunum. Hafi hann þá séð, að allur rekkurinn hafi verið farinn að hreyfast í suðurátt, eða til hægri frá honum séð. Hafi hann þá séð manninn uppi á rekknum henda sér af honum og hafi engum togum skipt, að rekkurinn hrundi. Ólafur kvaðst þess fullviss, að hann hafi ekki verið búinn að lyfta veggnum neitt frá jörðu, enda hafi það ekki verið hægt, meðan fleygarnir voru fastir. Hann kvaðst hafa staðið vel á hemlinum og kraninn hafi ekki verið í tengingu, en staðið alveg kyrr.

Stefnandi byggir kröfur sínar á hendur Togaraafgreiðslunni h/f á því, að orsök óhappsins eigi rætur að rekja til mistaka af hálfu stjórnanda kranabífreiðarinnar, en á þeim mistökum beri Togaraafgreiðslan h/f fébótaábyrgð samkvæmt reglum skaðabótaréttarins um ábyrgð vinnuveitanda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Orsök óhappsins hafi verið sú, að kranastjórinn hafi ekki gætt þess, að vírinn úr bómu kranans væri lóðréttur,

er hann lyfti veggnum. Við það hafi komið slinkur á vegginn og valdið því, að stæðan hrundi.

Kröfur sínar á hendur Almennum Tryggingum h/f byggir stefnandi á því, að hann hafi hinn 2. október 1962 keypt tryggingu hjá félaginu gegn tjóni, sem orðið gæti á veggjunum við flutningana. Hafi félagið staðfest það með bréfi til hans, dagsettu sama dag, að það tæki að sér trygginguna. Hafi gildistími tryggingarinnar verið tilgreindur frá þeim degi og til 30. október s. á. Tryggingin hafi verið fyrir allt að kr. 170.000.00 tjóni. Einnig hafi verið tilgreint, að veggirnir yrðu fluttir með dráttarvagni og krani notaður við verkið. Beri stefnda Almennum Tryggingum h/f því að greiða stefnanda tjón hans án tillits til þess, hvort stefndi Togaraafgreiðslan h/f beri einnig fébótaábyrgð á því eða eigi.

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f styður sýknukröfu sína þeim rökum, að óhappið verði á engan hátt rakið til mistaka eða vanæzlu af hálfu stjórnenda kranans. Þeir hafi gengið að sínu verki á venjulegan hátt og með fyllstu aðgát. Þeir hafi ekki stjórnað verkinu, heldur hafi stefnandi gert það sjálfur eða starfsmenn hans í fjarveru stefnanda. Ósannað sé með öllu, að búið hafi verið að lyfta veggnum frá jörðu, enda geti slíkt naumast verið, þar sem fleygar höfðu eigi verið losaðir. Ástæðan fyrir því, að veggirnir hrundu, hafi einfaldlega verið sú, að rekkur sá, er veggjunum skyldi halda, hafi verið svo lélegur, að hann hafi ekki getað haldið veggjunum, er farið var að hreyfa við hinum einstöku þeirra. Útbúnaður rekksins hafi verið óforsvaranlegur, enda neglingar í hann mjög veikar og standist engan veginn þær kröfur, sem gera verður til slíkra hluta. Þá hafi það og aukið á veikleika rekksins að taka veggina úr honum á við og dreif, en því réði stefnandi og starfsmenn hans. Stefndi Togaraafgreiðslan h/f mótmælir ekki fjárhæð tjónsins tölulega, en byggir varakröfu sína á því, að ef til kæmi að leggja á hann einhverja ábyrgð, þá geti sú ábyrgð aldrei verið nema lítill hluti af tjóninu.

Sýknukrafa stefnda Almennra Trygginga h/f er studd þeim rökum í fyrsta lagi, að enginn váttryggingarsamningur hafi stofnast með félaginu og stefnanda. Ekkert váttryggingarskírteini hafi verið gefið út og ekkert iðgjald hafi verið greitt. Með bréfi sínu til stefnanda, dags. 2. október 1962, hafi félagið aðeins tilkynnt stefnanda, að trygging væri opnuð. Stefndi hafi borið samkvæmt niðurlagi þess bréfs að láta félagið vita, þegar hann vissi

um flutningatæki það, er flytja átti með, svo og að tilgreina nákvæma tryggingarupphæð, svo að hægt væri að gefa út vátryggingarskírteini. Þessu hafi stefnandi ekki sinnt, heldur farið að flytja húshlutana án frekara sambands við félagið. Í annan stað er sýknukrafan studd þeim rökum, að í hér umræddu tilviki hafi aðeins verið um að ræða flutningstryggingu. Húshlutar í hífingu hafi ekki verið innifaldir í tryggingarstaðfestingunni. Þar sé berum orðum tekið fram, að tryggingin taki til flutnings húshlutanna með dráttarvagni, en að auki taki tryggingin til uppsetningar þeirra með notkun krana. Til annars og meira hafi tryggingin ekki tekið. Ábyrgð félagsins hafi því fyrst byrjað, er húshlutarnir hafi verið komnir á flutningatækið. Bendir stefndi á þessum rökum sínum til stuðnings, að samkvæmt 147. gr. þágildandi siglingalaga hefjist ábyrgð farmflytjanda eigi, fyrr en munum sé á skip komið. Megi hafa hliðsjón af ákvæði þessu í hér umræddu tilviki.

Rekkur sá, sem veggirnir voru hafðir í, var trégrindverk, tvær hliðar með rétt horn. Stytttri hliðin var rúmir 6 metrar á lengd, hafði þrjár uppistöður með þverslá að ofan og neðan á milli þeirra. Hornslár voru á milli þversláanna, ein milli hverrar uppistöðu, og síðan voru skástífur úr uppistöðunum á jörð. Lengri hliðin var um 9 metrar á lengd með einni fleiri uppistöðu, en að öðru leyti fram gengin sem stytttri hliðin. Veggjunum var raðað hlið við hlið með enda að stytttri hliðinni, þar sem þeir voru skorðaðir hver um sig í þar til gerða skúffu á efri þverslá með um 20 cm. millibili, en stóðu frjálsir að öðru leyti. Lengri hliðin hafði hins vegar sömu stefnu og veggirnir, án þess að þeir væru við hana festir. Að beiðni stefnda Almennra Trygginga h/f og réttargæzlustefnda fóru Jón Bergsteinsson múrarameistari og Karl Guðmundsson verkfræðingur á vettvang til þess að gera athugun á umbúnaði grindverksins. Áliti þeirra, sem dags. er 6. marz 1964, fylgir uppdráttur af grindverkinu, sem eftir stóð, og segja þeir hann gerðan samkvæmt mælingu þeirra. Jafnframt er á uppdrátti þessum „ísómetrisk“ mynd af öllu grindverkinu, áður en það hrundi, sem þeir gerðu samkvæmt upplýsingum manna, er störfuðu við verksmiðjuna. Uppdráttum þessum hefur eigi sérstaklega verið mótmælt. Í áliti framangreindra manna segir m. a., að þeir hafi eigi reiknað út styrkleika grindverksins, þar sem aðeins lítill hluti þess hafi verið uppistandandi og því vafasamar niðurstöður af slíku. Hins vegar telja þeir augljóst, að ekki muni hafa verið gengið tryggilega frá, þegar lítið högg



valdi hruni meiri hluta grindverksins. Taka þeir og fram, að neglingar þær, sem þeir sýna á uppdrættinum (5" galv. naglar) séu mjög veikar og standist ekki kröfur um slíkar neglingar. Dómendur hafa ekki farið á vettvang, enda ekki lengur neitt þar til skoðunar um þetta efni. Hinir sérfróðu meðdómendur hafa hins vegar kannað þau gögn, sem fyrir liggja varðandi útbúnað grindverksins. Af þeirri athugun er það einróma álit þeirra, að mjög hafi skort á það, að grindverkið hafi haft þann styrkleika, sem nauðsyn bar til við svo mikil þyngsli, sem hér hafi verið um að ræða.

Svo sem að framan er rakið, hafði stefnandi á hendi flutning á veggjunum. Hann hafði fengið kranann leigðan til að lyfta þeim, og hann og menn hans höfðu á hendi stjórn verksins að því leyti, hvern vegg skyldi taka hverju sinni. Í framburðum þeirra Hreiðars, Hlöðves og Ólafs Guðmundssonar segir, að veggurinn hafi verið kominn á loft, er óhappið skeði, og þeir Hreiðar og Hlöðver kváðu ekkert óvarlega hafa verið að farið. Ólafur Ólafsson neitar því í framburði sínum að hafa verið farinn að lyfta veggnum, og Sigurjón Guðmundsson taldi vegginn heldur ekki hafa verið lausan frá jörðu.

Pegar þetta allt er virt, sem hér að framan hefur verið rakið, þá þykja eigi vera fram komnar nægar sönnur að því, að orsök óhappsins verði rakin til saknæmra athafna kranamannanna, er leitt geti til fébótaábyrgðar vinnudrottins þeirra. Ber því að sýkna stefnda Togaraafgreiðsluna h/f í máli þessu. Eftir atvikum þykir þó rétt, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Í bréfi stefnda Almennra Trygginga h/f til stefnanda, sem áður er getið og dagsett er 2. október 1962, segir: „Samkvæmt beiðni staðfestum vér hér með, að vér höfum tekið að oss tryggingu á húshlutum úr steinsteypu, tilbúnum undir tréverk (einangrað og leiðslur lagðar), í húsin Holtagerði 45 og 47, Kópavogi. Flutt með dráttarvagni og krani notaður við uppsetningu, fyrir allt að kr. 170.000.00. Eitt hundrað og sjötíu þúsund íslenskar krónur, frá 2.10. 1962 til 30.10. 1962“. Bréf þetta er þannig samþykki á tilboði stefnanda um trygginguna, og hefur með því stofnast tryggingarsamningur með aðiljunum.

Stefnandi tók trygginguna gagnert vegna flutninga á veggjunum, og var tryggingafélaginu um það kunnugt. Ásetning veggjanna á flutningatækið svo og afsetning þykir í tilviki því, sem hér um ræðir, vera í svo órjúfandi tengslum við sjálfan flutn-

inginn, að telja verður umrædda tryggingu taka til þess, enda verður eigi séð, að tryggingafélagið hafi undanskilið þann hluta flutningsins sérstaklega. Ber stefnda Almennum Tryggingum h/f því að bæta stefnanda tjón hans, er hann varð fyrir, samkvæmt tryggingarsamningnum. Fjárhæð tjóns stefnanda, kr. 69.144.27, hefur eigi verið mótmælt, og verður stefndi Almennar Tryggingar h/f dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxtum, eins og krafizt er, þó þannig, að hæð þeirra dæmist 7% frá 3. október 1962 til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að dæma sama stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn kr. 12.000.00.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt meðdómendunum Ögmundi Jónssyni og Jóhannesi Zoëga verkfræðingum.

#### Dómsorð:

Stefndi Togaraafgreiðslan h/f á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Siggeirs Ólafssonar, í máli þessu, en málskostnaður, að því er hann varðar, fellur niður.

Stefndi Almennar Tryggingar h/f greiði stefnanda kr. 69.144.27 með 7% ársvöxtum frá 3. október 1962 til 1. janúar 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags svo og kr. 12.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.